# DÖFF BLAÐIÐ

Fréttabréf Félags heyrnarlausra í september 2008



## Ísland gegnir veigamiklu hlutverki í menntun táknmálskennara í Namibíu



## Kolbrún í aðalhlutverki í fyrstu táknmálsóperunni



## Fermingar Döff fyrir 30 árum

# Í þessu blaði ...


3 Formannsleiðari
*Hjördís Anna Haraldsdóttir*
4 Nýr formaður EUD – Evrópusambands heyrnarlausra
4 Ávarp framkvæmdastjóra
5 Maður ársins 2007
5 VT82 myndsíminn
6 Nám án aðgreiningar
*Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri í Sólborg*
8 Afrísk fréttaþjónusta á táknmáli
*Með kærri kveðju frá Oshakati í norður Namibíu*
10 Táknmálsviðmót á fullt erindi inn á vefsíður fyrirtækja og stofnanna
*Viðtal við Margréti Sigurðardóttur hjá Táknmáli ehf.*
12 Tímamót í íslensku leikhúsi
*Elsa Guðbjörg Björnsdóttir*
14 Alltaf skortur á kennurum og túlkum
*Um Samskiptamiðstöð heyrnalausra og heyrnarskertra*
17 Íslendingur í aðalhlutverki í óperu í Finnlandi
*Hjördís Anna Haraldsdóttir*
19 Að efla þekkingu á fjölfötluðum heyrnarlausum ( DÖFF +)
*Berglind Stefánsdóttir*
20 Maður er manns gaman
*Árshátíð Félags heyrnarlausra 2007*
22 Mig langaði mest að lúberja prestinn
*Steinunn Lovísa Þorvaldsdóttir*
27 Samstarf FH og FSFH aukið
*Frá Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra - FSFH*
29 Fréttir af öldruðum
*Anna Jóna segir frá*
31 HLDÍ 94
*Már Ólafsson tók saman*
31 Sumarhúsið Skorrasel selt
32 Döffmótið á Úlfljótsvatni 2008



**Döffblaðið–Fréttabréf Félags heyrnarlausra, 1. tölublað 9. árgangur, september 2008**

**Útgefandi:** Félag heyrnarlausra,
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.
Sími 561 3560, fax 551 3567.
Netfang deaf@deaf.is, veffang www.deaf.is.
**Ábyrgðarmaður:** Hjördís Anna Haraldsdóttir.
**Ritstjóri:** Daði Hreinsson.
Að blaðinu unnu: Daði Hreinsson, Unnur Dóra Norðfjörð.
**Prófarkalestur:** Anney Þórunn Þorvaldsdóttir.
**Umbrot og prentun:** Litróf.

Ljósmyndir: Daði Hreinsson, Unnur Dóra Norðfjörð
og aðsendar myndir.
Stjórn Félags heyrnarlausra: Hjördís Anna Haraldsdóttir,
formaður, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, varaformaður, Elsa G.
Björnsdóttir, Kristín Friðriksdóttir, Gunnar Björn Jónsson.
Framkvæmdastjóri: Daði Hreinsson.
Upplag: 1.200 eintök
ISSN: 1670-6013




# Formannsleiðari

*Hjördís Anna Haraldsdóttir*



Táknmálsbaráttan er löng og á dimmri stundu virðist baráttan vera eilíf. En síðustu 2 árin hafa kveikt von um að það styttist í annan enda baráttunnar. Hver og ein manneskja sem hefur táknmál sem fyrsta mál og þeir sem tala táknmáls dags daglega eiga erfitt með að skilja ástæðuna fyrir því að táknmál skuli ekki standa jafnfætis íslenskunni af yfirvöldum.

Um tíma verða sumir táknmálstalendur efasemdarmenn gagnvart sínu eigin máli vegna þess að það er ekki tekið opnum örmum í samfélaginu og lítill skilningur gerður á þeim.
Langflestir hafa gefist upp á að vera efasemdamenn gagnvart táknmálinu því að það er ómögulegt að veita fram rökin að íslenska tungumálið sé betri en íslenskt táknmál.

31. mars 2007 var sá dagur sem kveikti von okkar um að árangur næðist í táknmálsbaráttunni innan tíðar. Dagurinn sem íslenska þjóðin skrifaði undir Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fólks með fötlun. Í sáttmálanum er viðurkenning táknmálsins fólgin og spennandi verður að sjá hvenær stjórnvöld innleiða sáttmálann í sín eigin landslög. Sá dagur mun vera þjóðhátíðardagur hjá þeim sem tala táknmál.

Viðhorfsbreyting þarf að verða í samfélaginu gagnvart túlkun. Langflestir hafa gefist upp á trúnni um að ná fram viðurkenningu táknmálsins þar sem ekki hefur tekist að leggja fram rök þess að táknmálið sé jafngilt íslensku tungunni. Sú barátta mun halda áfram um ókomna tíð.

Aldrei er góð vísa of oft kveðin og á þessi tilvitunun vel við:
*Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn ... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum, vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum.* – *Terja Basilier*

FÉLAG HEYRNARLAUSRA

*Kærar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem stutt hafa starf Félags heyrnarlausra í gegnum tíðina.*
*Sérstakar þakkir til þeirra er styrkt hafa útgáfu þessa rits.*



# Nýr formaður EUD – Evrópusambands heyrnarlausra

Berglind Stefánsdóttir var kosinn formaður EUD (European Union of the Deaf) í desember síðastliðnum. Hún tók við embættinu af Helgu Stevens, heyrnarlausri konu sem var kosin inn á belgíska þingið en hún er fyrsti heyrnarlausi kjörni þingmaðurinn í Evrópu. Ekki má samt gleyma Sigurlín Margréti sem setið hefur þing sem varamaður fyrir Frjálslynda flokkinn. Evrópusamband heyrnarlausra var stofnað árið 1985. Markmið EUD var og er að koma á og viðhalda samskiptum innan Evrópusambandsins við hinn heyrandi heim með samráði og samvinnu við landsamtök heyrnarlausra í hverju landi. EUD vinnur einnig að heimsmálefnum í samstarfi við alþjóðasamtök heyrnarlausra WFD (World federation of the deaf).

EUD hefur bækistöðvar sínar í Brussel í Belgíu til að halda nálægð sinni við aðalskrifstofur Evrópusambandsins og stofnanir þess.



# Ávarp framkvæmdastjóra



Enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Leyfi ég mér að nota það máltæki nú þegar sestur er í stól framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra. Fyrir ári síðan, í rekstri fjögurra góðra fyrirtækja í fleiri en einu landi, tók ég ákvörðun að selja þau öll og taka 90° vinkilbeygju í lífi mínu. Ég settist á skólabekk í Háskólanum að Bifröst og tók svo við þessari stöðu um áramótin síðustu. Formaður félagsins, Hjördís Anna Haraldsdóttir hafði áður komið að máli við mig og spurt hvort ég hefði áhuga á að taka að mér starf framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra. Eftir nokkra umhugsun og með gamla vanþróaða táknmálið í farteskinu, sem var orðið nokkuð ryðgað eftir litla notkun síðustu tvo áratugi eða svo, ákvað ég að slá til og taka við starfinu. Ástæðan? Jú, fjölbreytileiki starfsins og eins er þetta samfélag mér hjartfólgið þar sem ég er tengdur því fjölskylduböndum.

Starfið er mjög krefjandi og ótrúlega margir þættir sem koma að rekstri Félags heyrnarlausra. Félagið er ekki bara hagsmunafélag heyrnarlausra sem rekur félagsheimili og aðra aðstöðu fyrir starfsmenn og félagsmenn. Sökum sérstöðu heyrnarlausra sem eiga sitt tungumál, íslenska táknmálið, og þess fjölda sem eiga við frekari fatlanir en heyrnarleysi að stríða, hefur Félag heyrnarlausra tekið að sér mjög fjölþætta þjónustu fyrir heyrnarlausa. Þjónustu sem heyrir frekar undir Velferðarsvið Reykjavíkur, hverfismiðstöðvar borgarinnar og fleiri stofnanir. Þar má nefna málefni eins og þjónustu við aldraða einstaklinga, málefni útlendinga, forvarnarstörf eins og CODA og málefni tengd fjölfötluðum einstaklingum sem þurfa mikla þjónustu við kerfið. Ef skoðuð eru markmið starfsemi Velferðarsviðs Reykjavíkur er hægt að setja nafn Félags heyrnarlausra yfir nafn Velferðarsviðsins. Svo lík eru hlutverk þessara samt ólíku stofnana. Stóran hluta rekstursins þjónustunnar hefur verið kostuð af sjálfsaflafé félagsmanna með happdrættis- og pennasölu sem og velvild samborgara okkar. Það er ljóst að mitt hlutverk sem framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra verður að skilgreina sem og hlutverk og markmið félagsins til framtíðar.Tími er komin til að félagsmenn fái að njóta vinnu sinnar í formi sjálfstyrkingar, aukinnar menntunar og eflingar á menningarstarfi Félagsins. Eigi Félagið að sinna velferðarmálum tæplega 300 fatlaðra Íslendinga, sem við teljum okkur geta gert með því frábæra og fjölhæfa starfsfólki sem hjá Félaginu starfar, á tungumáli heyrnarlausra, verður okkar ástkæra Reykjavíkurborg að koma með stærri þátttöku en 800 þúsund krónur á ári sem borgin hefur veitt í starfsemi Félags heyrnarlausra. Baráttan heldur áfram.

*Daði Hreinsson*



# Maður ársins 2007

Stjórn Félags heyrnarlausra ákvað að útnefna Júlíu G. Hreinsdóttur mann ársins 2007 í samfélagi heyrnarlausra.

Júlía hefur starfað á vegum Sameinuðu þjóðanna í þróunarverkefni við að mennta heyrnarlausa einstaklinga til kennslu og frekari þróunar á táknmáli í Namibíu. Júlía hefur notið aðstoðar Eyrúnar Helgu Aradóttur, táknmálstúlks hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra við starfið. Óhætt er að segja að störf þeirra Júlíu og Eyrúnar muni hafa mikil og jákvæð áhrif á þróun táknmáls í Namibíu um ókomna tíð. Er því Júlía vel að heiðrinum komin og óskum við henni til hamingju með titilinn *Maður ársins 2007*.

Hægt er að lesa meira um störf Júlíu í Namibíu annarsstaðar í blaðinu.



*Júlía með viðurkenninguna í fríi á Döffmótinu við Úlfljótsvatn sl. sumar.*

# VT82 myndsíminn

Undanfarið ár hefur Félag heyrnarlausra leitt farsælt samstarf og prófanir á VT82 myndsímanum sem er sérhannaður fjarskiptabúnaður fyrir heyrnarlausa. Á þessum tíma hafa nokkrir heyrnarlausir notendur getað hringt sín á milli auk þess sem Samskiptamiðstöð heyrnarlausra hefur boðið upp á túlkaþjónustu með hjálp VT82 myndsímans.



**Hvað er VT82 myndsíminn?**

Myndsíminn var hannaður í Svíþjóð með hagsmuni og þarfir heyrnarlausra og heyrnarskertra í huga. Myndsíminn hefur sannað sig um allan heim og eru þúsundir síma í notkun um alla Evrópu og þar með talið nágrannalöndum okkar, Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

**Hvernig virkar myndsíminn?**

Notandi myndsímans fær úthlutað svokölluðu SIP númeri við kaup sem er símanúmer símans. Myndsíminn kemur tilbúinn til notkunar beint úr kassanum svo eingöngu þarf að tengja hann við ADSL mótald og rafmagn. Þá er hægt að hringja í vini og vandamenn hvar sem er í heiminum, svo lengi sem þeir hafa myndsíma eða annað SIP númer. Öll símtöl milli myndsíma eru ókeypis, jafnvel milli landa - hvorki er um að ræða upphafsgjald né mínútugjald.

**Frekari upplýsingar um VT82 myndsímann fást hjá Daða, framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra.**



*Texta skilaboð: mögulegt er að kaupa aukalega lítið lyklaborð við myndsímann svo hægt sé að senda einföld rauntíma textaskilaboð á milli myndsíma þegar netsímtal er í gangi.*



*Tenging við stærri skjá: hægt er að tengja myndsímann á einfaldan hátt við t.d. sjónvarp, skjávarpa eða tölvuskjá til að fá betra hljóð og stærri og skýrari mynd af viðmælanda.*

# Nám án aðgreiningar

*Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri í Sólborg*





Leikskólinn Sólborg er einn af leikskólum Reykjavíkur og heyrir undir Leikskólasvið. Hann tók til starfa 1994.

Í Sólborg hefur markvisst verið unnið að því að byggja upp leikskólaþjónustu fyrir heyrnarskert börn. Þegar talað er um heyrnarskert börn í þessari umfjöllun er átt við öll börn sem búa við heyrnarskerðingu/heyrnarleysi.

Leikskólinn er 4 deilda leikskóli og að jafnaði dvelja um 73 börn í skólanum sem er staðsettur í Öskjuhlíðinni í Reykjavík. Sérstaða skólans felst í þróun vinnu samkvæmt hugmyndafræði um „Nám án aðgreiningar". Að jafnaði dvelja 12 börn með umtalsverðar sérþarfir í leikskólanum. Í dag eru sjö af þessum börnum með heyrnarskerðingu. Í námi án aðgreiningar er hverju barni mætt þar sem það er statt í þroska og unnið markvisst að því að þau fái að njóta sín í félagahópnum. Við vinnum eftir þeim kennsluaðferðum sem taldar eru skila hámarks árangri fyrir barnið. Annað sem við leggjum áherslu á er að öll börnin í Sólborg fái tækifæri til að læra og eða kynnast táknmáli.

**Hverjar eru helstu þarfir heyrnarskertra barna umfram önnur börn?**

Heyrnarskert barn þarf að styðja og efla í félagslegum samskiptum svo það þrói með sér jákvæða sjálfsmynd og sé virkur þátttakandi í skólastarfinu. Við erum svo lánsöm að geta boðið öllum okkar heyrnarskertu börnum uppá táknmálskennslu samhliða íslenskunáminu. Táknmálið er þeirra fyrsta mál og er því mikilvægt fyrir allan þroska þeirra að þau séu í táknmálsumhverfi. Í íslenskukennslu er lögð áhersla á bæði mál barnsins og síðar kemur í ljós hvort málið barnið þarf eða kýs að nýta sér til náms og samskipta.

**Í Sólborg eru líka heyrandi börn heyrnarlausra foreldra sem kölluð eru á erlendu máli „CODA" börn (Children Of Deaf Adults )**

Þau börn sem hér um ræðir eiga ýmislegt sameiginlegt með heyrnarskertum börnum.

Í fyrsta lagi er það táknmálið sem er þeirra fyrsta mál og þau eiga sameignlegt með heyrnarskertum börnum. Í öðru lagi er reynsla okkar að börn sem alast upp við táknmál í frumbernsku hafa ekki sömu þjálfun í að nota heyrnina og önnur börn. Þau hegða sér því oft eins og þau væru heyrnarskert og þurfa að læra að nýta heyrnina til að geta lært talmál. Fyrir nokkrum árum var unnið þróunarverkefni í Sólborg þar sem við skoðuðum hvað leikskólastarfsfólk þarf að hafa í huga í leikskólanámi „CODA barna". Það getur verið erfitt fyrir barnið að skipta úr sjónrænu málumhverfi í heyrnrænt umhverfi og þá er mikilvægt að kennarar þekki til beggja mála og menningarheima barnsins. Þessi börn og foreldrar þeirra eru heyrnarskertum börnum dýrmætar táknmálsfyrirmyndir og æskilegt að þau eigi sem flest aðgang að leikskóla sem virðir og metur þeirra fyrsta mál, táknmálið.

**Starfsfólk**

Í leikskólanum starfar margt fagfólk í teymisvinnu. Má þar nefna leikskólakennara með framhaldsmenntun í kennslu heyrnarskertra barna, leikskólasérkennarar, þroskaþjálfar, táknmálstúlkur og 2 heyrnarlausir starfsmenn.





Heyrnarlausir starfsmenn eru táknmálsfyrirmyndir barnanna. Þessir starfsmenn taka þátt í öllu daglegu starfi og samskiptum við börnin, en auk þess hafa þeir sín ákveðnu verkefni sem tengjast táknmálsörvun eins og að lesa fyrir börnin á táknmáli, spila við þau og fleira.

Heyrnarskertu börnin eru staðsett á tveimur stofum og þar kunna flestir starfsmenn táknmál. Auk táknmálsnámskeiða sem starfsfólk hefur sótt höfum við fengið starfsfólk með menntun í táknmálsfræðum frá Háskóla Íslands sem er kærkomin viðbót.

Sólborg er eini leikskólinn sem greinarhöfundur veit af hér á landi sem hefur sérhæft sig í vinnu með heyrnarskert börn, en ekki eru öll heyrnarskert börn í Sólborg. Því hefur Sólborg sótt um að verða ráðgjafarleikskóli sem miðlað gæti af reynslu sinni til annarra leikskóla.





# Afrísk fréttaþjónusta á táknmáli

## *Með kærri kveðju frá Oshakati í norður Namibíu*

Á undanförnum þremur áratugum hefur skilningur á stöðu heyrnarlausra aukist mikið á Íslandi. Þjónusta eins og túlkaþjónusta, táknmálskennsla og ráðgjöf hefur batnað til muna og samhliða möguleikar okkar til menntunar. Þekkingin og reynslan, sem hefur safnast á þessum árum, er raunar orðin svo mikil að við erum orðin aflögufær og getum stutt þróun annars staðar í heiminum. Ég hef tekið þátt í uppbyggingu þjónustu og þekkingar á Íslandi í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) og nú er ég þátttakandi í þróunarverkefni í Namibíu á vegum SHH og Þróunarsamvinnustofnunar þar sem við reynum að miðla þessari reynslu og þekkingu.

Samfélag heyrnarlausra hér í Namibíu er mjög einangrað, heyrnarlausir eru hundsaðir og annars flokks. Þeir búa við menntunarskort og atvinnuleysi og standa að mestu utan við þá þjónustu sem samfélagið veitir. Það kom mér samt á óvart hve lík staða þeirra er stöðu heyrnarlausa á Íslandi hér áður fyrr og hve lík menningin er hér og annars staðar í heiminum. Á ég þar t.d. við húmor, samskiptareglur, baráttu fyrir réttindum og fleira. Heyrnarlausir hér vita nánast ekkert um málfræði táknmáls, menningu heyrnarlausra eða hvernig á að kenna táknmálið. Þeir tala fullkomlega táknmál með flókinni málfræði en hvorki þeir né almenningur gera sér grein fyrir að namibíska táknmálið er mál eins og hvert annað tungumál.

Ég kom hingað til Namibíu til þess að miðla þekkingu um táknmálskennslu, málfræði og menningu og sögu heyrnarlausa. Stefnt er að því að hér verði stofnuð Samskiptamiðstöð heyrnarlausa, þar sem kennt verður táknmál og veitt túlkaþjónusta. Mitt hlutverk er að mennta táknmálskennarana. Hér á að þróast táknmálstúlkanám við háskólann og stefnt er að því að fjölga heyrnarlausum nemendum sem fara í framhaldsnám eftir grunnskólanám með því að bjóða upp á túlkaþjónustu. Einnig



vinnum við að því að upplýsa stjórnvöld um málefni heyrnarlausra.

Ég hef sjálf upplifað þessa stöðu, sem heyrnarlaust fólk í Namibíu er í. Þ.e. að tilheyra annars flokks hópi sem er hundsaður af samfélaginu og tel mig því hafa skilning á stöðu þeirra. Þannig var staðan á Íslandi fyrir þremur til fjórum áratugum þótt að sjálfsögðu sé fátæktin miklu meiri hér í Namibíu en á Íslandi á þeim tíma. Á þessum tíma hófust á Íslandi útsendingar á táknmálsfréttum í ríkissjónvarpinu en fyrsta fréttaágripið var flutt þann 1. nóvember 1981.

Þá kem ég að því sem hefur vakið athygli mína hér í fátæka Afríkulandinu. Það er hve miklu öflugri fréttaþjónusta er hér fyrir heyrnarlausa en á Íslandi.

Ég hef eins og fleiri heyrnarlausir, horft á fréttir á táknmáli í Ríkissjónvarpinu á Íslandi. Fréttirnar þar eru átta mínútur. Útsending hefst yfirleitt klukkan tuttugu mínútur yfir sex en færist oft til um helgar vegna annarra dagskrárliða. Lítið hefur breyst í 36 ár nema bakgrunnurinn fyrir aftan þulinn. Engar fréttamyndir eru eins og tíðkast til dæmis á Norðurlöndunum. Við sem náum táknmálsfréttunum bíðum svo eftir aðalkvöldfréttunum og horfum á fréttamyndirnar og reynum að tengja við það sem við sáum í táknmálsfréttunum.
Þá skiljum við e.t.v. betur um hvað var verið að tala í fréttaágripinu. Flestir heyrnarlausir eru reyndar í vinnu, t.d. sem verkafólk og eru búnir að vinna um fimm eða sex leytið og ná ekki táknmálsfréttunum.
Aðalkvöldfréttir í ríkisjónvarpinu NBC í Namibíu eru kl 20:00. Þær eru yfirleitt í um 40 mínútur og með táknmálstúlk í beinni útsendingu allan tímann. Túlkurinn túlkar innlendar fréttir, erlendar fréttir, íþróttir og viðskiptafréttir frá ensku yfir á namibískt táknmál. Hann er staðsettur í ramma í horninu, neðst til hægri. Fréttamaður og fréttamyndir skiptast á og almenningi finnst engin truflun af túlki í horninu í aðalfréttum. Innan





*Myndatexti*

samfélags heyrnarlausa í Namibíu eru umræður um fréttir frá Namibíu og það sem er að gerast í heiminum. Til dæmis í frímínútunum eða matartímanum á táknmálskennaranámskeiðinu fylgist ég með þeim ræða um fréttirnar. Mér finnst alveg stórkostlegt að sjá þetta þrátt fyrir mikinn menntunarskort þeirra og hve fáfróð þau eru um málefni heyrnarlausra. Þetta heyrnarlausa fólk er eðlilegt, jákvætt og gáfað fólk.

Við Íslendingar lítum gjarnan svo á að við séum fremst og mest á öllum sviðum og að við búum í fullkomnu tækni- og upplýsingasamfélagi en það er ráðlegast að skoða málin af hæfilegri auðmýkt. Hér í Namibíu er mikil fátækt og gömul tækni en þeir eru góðir! Á þessu sviði standa Namibíumenn okkur miklu framar. Við heyrnarlaust fólk erum eðlilegur hluti af þeim hópi sem ríkissjónvarpið NBC þjónar.

Íslendingar hafa náð árangri á sviði menntunar og þjónustu en heyrnarlaust fólk heima á Íslandi er ekki þátttakendur í umræðunni og menningunni á sama hátt og heyrnarlaust fólk hér í Namibíu. Mér finnst þetta skammarlegt! Það er engin afsökun fyrir því að hafa ekki táknmálstúlk í einu horninu á skjánum með aðalkvöldfréttunum. Þetta er alveg eins hægt á Íslandi og í Namibíu!

*Júlía G. Hreinsdóttir er heyrnarlaus og fagstjóri í táknmáli á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.*



*Myndatexti*



*Myndatexti*

# Táknmálsviðmót á fullt erindi inn á vefsíður fyrirtækja og stofnanna

## *Viðtal við Margréti Sigurðardóttur hjá Táknmáli ehf.*

*Sigurlín Margrét Sigurðardóttir stofnaði fyrir um ári síðan fyrirtækið Táknmál ehf. Döffblaðið heimsótti hana og hér á eftir segir hún okkur frá markmiðum fyrirtækisins og og verkefnum þess sem henni eru afar hugleikin. Sigurlín vann meðal annars sem táknmálskennari og við táknmálsnámsefnisgerð hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Á kjörtímabilinu 2003-2007 var hún varaþingmaður þar sem hún gerði og flutti meðal annars táknmálsfrumvarpið og textunarfrumvarp auk annara þingmála sem komu að hennar borði.*



**Þú stofnaðir fyrirtækið Táknmál ehf. á síðasta ári. Segðu okkur frá aðdraganda þess.**

Ég hafði lengi gengið með þessa hugmynd að stofna fyrirtæki sem ynni að táknmálinu á einhvern hátt. Ég fór á námskeið hjá Nýsköpunarmiðstöð í stofnun fyrirtækja í fyrravor og eftir það ákvað ég að slá til og stofnaði fyrirtækið. Ég hafði fyrir þennan tíma unnið að gerð táknmálsviðmóts fyrir TM og ákvað að sinna þessu betur, þ.e. gera táknmálsviðmót að sjálfsögðum upplýsingarmiðli á heimasíðum. Þetta er algjör nýjung og hef ég mest megnis verið að kynna þenna möguleika fyrir fyrirtækjum. Fyrirtækið Sjá ehf. sem sér um aðgengisprófanir og vottanir er með gæðavottun sem nefnist *Forgang-ur 3* og í þeirri vottun er gert ráð fyrir að táknmálsviðmót sé til staðar á heimasíðum. Ég bjó til markmiðs-lýsingu fyrir fyrirtækið og viðskipta-áætlun ásamt leiðarljósi þess sem er Aðgengi- Upplýsingar – Skilningur. Ég ákvað líka að setja stefnuna á að fyrirtækið yrði leiðandi í táknmáli. Fyrirtækið og verkefni þessu eru í mótun og ég er ein í þessu en stefni að því að hægt verði að ráða fleiri með mér seinna, þegar verkefnin eru komin á fullt skrið.

**Hvað er táknmálsviðmót?**

Táknmálsviðmót er myndskeið sem sett er inn á vefsíður fyrirtækja/ stofnana þar sem efni þeirra, að hluta til eða að öllu leyti, hefur verið þýtt yfir á táknmál. Nú þegar eru komin á heimasíður aðgengi fyrir blinda og sjónskerta, í formi stækkaðs leturs, lesblindustillinga og hljóðviðmóts. Táknmálsviðmótið sem Táknmál ehf. býður upp á er viðbót við þetta og gerir heimasíðurnar einnig aðgengilegar táknmálsnotendum.

Hjá fyrirtækinu Sjá ehf. starfa aðgeng-issérfræðingar og hafa skilgreint *Forgang 3* sem byggður er á alþjóð-legum aðgengisstaðli sem nefnist WAI (Web Accessibility Initiative). Allir aðgengisstaðlarnir eru staðfærðir og prófaðir í samvinnu við Öryrkja-bandalag Íslands. (www.sja.is)

**Hvað getur táknmálsviðmót gert fyrir döff eða hvers konar þjónustu er boðið uppá?**

Eins og áður sagði þá bætir tákn-málsviðmót upplýsingaaðgengi táknmálsnotenda til muna. Þeir geta með því nálgast texta heimasíðna þjónustufyrirtækja eða opinberra stofnana á sínu eigin máli. Fyrir marga táknmálsnotendur er íslenskan sem erlent tungumál og eiga þeir stundum erfitt með að ná samhengi í rituðum textum. Málfræðin er þeim erfið. Þetta er afleiðing talmálsstefnunnar sem var við lýði þegar þeir voru á grunnskólaaldri en þá var áhersla lögð á talmál og kennsla í íslensku og málfræði fór forgörðum sem ekki var gott. Þannig séð bætir táknmálsviðmót upplýsingaaðgengið töluvert og með því verða heimasíður aðgengilegar táknmálsnotendum.

**Mun döff samfélag njóta góðs af þessu?**

Já, það tel ég hiklaust og ég trúi að fyrirtæki almennt og opinberar stofnanir vilji að allir geti nálgast og fræðst um efni heimasíðna sinna á sínu máli. Það eru nú þegar komnar upplýsingar á erlendum tungumálum á heimasíðum opinberra stofnana og nokkurra þjónustufyrirtækja og þar með bæta þjónustu fyrir notendur. Það sýnir ákveðinn metnað hjá fyrirtækjum að vilja gera vel í upplýsingaaðgengi á síðum sínum. Ég vona að á næstu misserum muni fleiri fyrirtæki setja upp táknmálsviðmót og að það verði hægt að setja upp táknmálsviðmót með forvarnarfræðsluefni og öðru efni sem eiga erindi til allra landsmanna.

**Eru fleiri fyrirtæki eins og þitt á markaðnum?**

Nei, ég er ein í þessu. Þetta er sérhæft svið og algjörlega nýtt. Ég hef haft samstarf við fyrirtæki sem heitir Kapital og vinnur með annars að vefhönnun og annarri margmiðlunar-gerð. Þeir hafa þróað og gert sniðugar lausnir í tengslum við táknmálsviðmót og sjá þeir að mestu um upptökur og tæknivinnslu. Samstarf okkar er mjög gott og hefur meðal annars leitt af sér samstarf að öðru þróunarverkefni sem er Táknmálsvefurinn.

**Ertu með fleiri verkefni í gerjun?**

Já ég er með þróunarverkefni sem heitir Táknmálsvefurinn og er í vinnslu núna en hann geri ég í samstarfi við Kapital ehf. Þeir sjá um hönnun vefsins og útfæra hann eftir mínum hugmyndum. Nú er ég að vinna við handritsgerð efnisins sem kemur til með að vera sett inn á vefinn. Ég hef fengið með mér nokkra aðra sem munu leggja til efni sem glæðir vefinn lífi. Táknmálsvefurinn verður gagnvirkur á þann hátt að notendur hans geta séð grunntákn eitt og sér og einnig hvernig það getur komið fyrir í táknmálssetningu. Það verða sérstakar nýjungar á vefnum hvað tæknina varðar en ég held að fæst orð beri minnsta ábyrgð á þessari stundu um það. Stefnt er að því að opna vefinn á næstu mánuðum. Verkefnið Táknmálsvefurinn hefur meðal annars fengið úthlutað styrk frá Átaki til atvinnusköpunar og úr Þróunarsjóði námsgagna. Fjármögnun vefsins er enn í gangi en hann kemur til með að verða áskriftarvefur.

Ég er einnig með annað verkefni í sigtinu sem heitir Táknmálshúsið en það verkefni er frekar tengt menningu heyrnarlausra.

**Hverjar eru framtíðarhorfur þínar?**

Ég lít björtum augum á framtíðina. Tæknin er orðin svo mikil að margir möguleikar eru í boði til nota táknmálið til aukins upplýsingaaðgengis. Það er því kjörið að nýta hana til sóknarfæris. Það er þó allt háð vilja fyrirtækja; hvað þau eru tilbúin að leggja mikið í að upplýsingaaðgengi sitt nái til fleiri notenda heimasíðna sinna Við Íslendingar erum framarlega í öllu hvað varðar tölvutæknina og um 90% íslenskra heimila eru nettengd. Því er kjörið fyrir opinbera aðila og önnur þjónustufyrirtæki að nýta það til að geta komið upplýsingum frá sér til allra notenda á þeirra máli og þar á meðal á táknmálinu.




*Sigurlín Margrét með hönnuðum hjá Kapital ehf.*



# Tímamót í íslensku leikhúsi

*Elsa Guðbjörg Björnsdóttir*

Draumasmiðjan var stofnuð árið 1994 og hefur starfað óslitið síðan. Meðal sýninga Draumasmiðjunnar má nefna *Ávaxtakörfuna, Baneitrað samband á Njálsgötunni, Góðar hægðir* og *Ég sé* auk margra fleiri sýninga. Leikritið *Ég sé* markaði tímamót í stefnu Draumasmiðjunnar, en hún var fyrsta íslenska döff leiksýningin og í dag sérhæfir Draumasmiðjan sig í döffleikhúsi auk venjulegrar leiklistarstarfsemi.

Ég steig mín fyrstu spor í atvinnuleikhúsi í sýningunni *Ég sé* og segja má að ég hafi fengið æskudraum minn um að verða leikkona uppfylltan á einni nóttu því síðan þá hef ég starfað í atvinnuleikhúsi sem leikkona og er í dag meðeigandi að Draumasmiðjunni ásamt Margréti Pétursdóttur. Við höfum sett upp nokkrar sýningar, verið með námskeið, götuleikhús, haldið fyrstu leiklistarhátíðina *Drauma* 2006 á Akureyri, en þangað sóttu nokkur virt atvinnuleikhús frá ýmsum löndum og ætlunin er að halda leiklistarhátíðina *Drauma* aftur næsta vor og þá í Reykjavík.

Síðast en ekki síst höfum við markvisst unnið að uppbyggingu döffleikhússins með því að efla þátttöku döff í leikhúsinu, auka listvitund þeirra og veita þeim þann sjálfsagða rétt að geta notið leiklistar á sama grundvelli og aðrir Íslendingar.

Ég starfa líka í SHH við að þýða barnabækur yfir á táknmál í DVD formi, starfið er mjög nátengt leikhúsvinnunni því þar þarf alltaf að vera að þýða texta yfir á táknmál. Markmiðið með þýðingu barnabókanna er að döff börn og foreldrar þeirra hafi meiri aðgang að barnaefni. Sorglega staðreyndin er sú að barnaefni í sjónvarpi í dag er yfirleitt talsett og því missa döff börn af þeim sjálfsögðu réttindum að njóta barnaefnis til jafns við önnur börn og það getur haft áhrif á málþroska þeirra því eins og flestir vita þá er börnum mikilvægt að vera í góðu málumhverfi og hafa greiðan aðgang að móðurmáli sínu til að örva málþroskann. Þýðingavinnan er mjög skemmtilegt og krefjandi ferli því tungumálin eru tvö, annars vegar íslenska í rituðu máli og hinsvegar táknmálið sem er sjónrænt. Þýðingin þarf að vera mjög nákvæm og innhalda allt sem ritaða málið hefur. Mikils misskilnings hefur gætt um táknmál, að það sé ekki hægt að þýða allt eða að táknmálið innhaldi ekki nægan orðaforða til að segja allt sem íslenskan býður upp á. Það er ekki rétt, táknmálið hefur allt að bjóða og er rétt eins og hvert annað tungumál.

Sýningarnar sem Draumasmiðjan hefur sett upp hafa ekki verið margar því döffleikhúsið hefur verið að keppa við önnur sjálfstæð atvinnuleikhús um styrki frá ríkinu undanfarin ár en styrki er erfitt að fá og að setja upp eina sýningu kostar ótrúlega mikið. Sýningarnar sem hafa verið settar upp í döffleikhúsinu hafa samt verið fjölbreyttar og náð til allra aldurshópa. Tvær barnasýningar *Ég sé* og *Trúðar* auk tveggja fullorðinssýninga *Viðtalið* og *Ópelló, Desdemóna og Jagó* hafa verið settar upp og hver sýning hefur verið gerð með tilraunir með túlkun í huga. Við erum að leita að réttu leiðinni til að túlka sýningar og höfum því farið frekar ótroðnar slóðir í tilraunum með að koma texta á framfæri á bæði á íslensku og táknmáli. Við höfum notast við túlk, sleppt túlki og blandað dansi inn í textann og erum ennþá að stíga hænuskref í þeim tilraunum að koma á framfæri öllum texta án þess að nota túlk á hefðbundin hátt.



Ástæðan fyrir að leikritin okkar eru ekki bara á táknmáli eingöngu er bæði vegna smæðar döffhópsins á Íslandi og eins skorti á döff atvinnuleikurum. Við vinnum því með heyrandi atvinnuleikurum og það gerir markhópinn öðruvísi en gengur og gerist í öðrum löndum. Markhópurinn eða þeir sem koma að sjá sýningarnar eru aðallega heyrandi og því höfum við leitast við að hafa bæði táknmál og íslensku í hverri sýningu svo allir hafi jafnan aðgang. Þó eru sýningarnar aðallega gerðar fyrir döff og við leitumst fyrst og fremst við að höfða til þess hóps og finna leiðir til að gera döffleikhúsið eins sýnilegt og hægt er í þjóðfélaginu. Leikhúsið á að þjóna öllum sem unna leiklist hvort sem það er heyrnarlaust fólk eða fólk með heyrn.



*Myndatexti*

Í ár er nýjung á ferðinni en í bígerð er sýning sem innheldur aðeins táknmálstalandi leikara og því einungis gerð með döff í huga þó heyrandi muni hafa aðgang að sýningunni og hún túlkuð að hluta. Sýningin núna er frábrugðin þeim sýningum sem við höfum gert hingað til, leikhópurinn er t.d. aðallega áhugaleikarar að stíga sín fyrstu skref á sviði en þau hafa flest bæði sótt námskeiðin sem við buðum upp á í vor en þá héldum við námskeið í handritagerð og leiklist sem heppnaðist ofsalega vel. Í kjölfarið var keppni um besta leikritið og valið var handrit eftir Má Ólafsson til uppsetningar og núna eru æfingar á fullu með 8 döff leikurum undir stjórn döff leikstjórans Jan Fiurasek. Við teljum þetta eigi skilið að fá mikla athygli því þetta er í fyrsta sinn á Íslandi sem leikrit er skrifað, leikið og leikstýrt af döff sjálfum og vonumst til að sem flestir leggi leið sína til að sjá sýninguna þegar hún byrjar í október á þessu ári því þessi sýning markar tímamót hér á Íslandi. Döff áhugaleikhópurinn sem tekur þátt í þessari sýningu hefur fengið nafnið Rætur. Stefnan er sett á eina döff sýningu með Rótum á ári og vonandi mun það ganga eftir en næsta handritasamkeppni mun vera milli nóvember og desember og verður auglýst betur þegar nær dregur.

Framundan eru spennandi tímar hjá Draumasmiðjunni en okkur hefur verið boðið samstarf við Þjóðleikhúsið á næsta leikári og við munum því endursýna Viðtalið á degi döff 26. september í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu en aðeins ein sýning verður í boði og því ættu þeir sem misstu af Viðtalinu, þegar það sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu, að drífa sig á sýninguna. Vonandi ef styrkir fást, munum við vera með nýja spennandi sýningu í Þjóðleikhúsinu á næsta ári. Draumasmiðjunni hefur auk þess verið boðið að fara til Namibíu í byrjun næsta árs til að kenna leiklist, kynna döffleikhúsið og þróun okkar síðustu ára og þannig gefa af okkar reynslu til döff og heyrandi í Namibíu og með því vonandi stuðla að því að döffleikhús verði til þar.



*Úr Ópelló*



*Myndatexti*

Um daginn gekk tölvupóstur á milli starfsmanna SHH sem innhélt þessa setningu eftir Konfúsíus „Veldu vinnu sem þú elskar og dáir; þá þarftu aldrei að vinna dag á ævinni“. Þannig líður mér, ég þarf aldrei að vinna því ég elska og dái vinnuna mína.

# Alltaf skortur á kennurum og túlkum

## Um Samskiptamiðstöð heyrnalausra og heyrnarskertra




*Samskiptamiðstöðin er þekkingar- og þjónustumiðstöð fyrir táknmálssamfélagið. Starf stofnunarinnar skal sérstaklega nýtast þeim sem nota táknmál til daglegra samskipta við aðra, svo sem heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum og fjölskyldum þeirra. Helstu verkefni Samskiptamiðstöðvar eru á sviði rannsókna, kennslu og námsefnisgerðar auk táknmálstúlkunar og annarrar þjónustu á starfssviði stofnunarinnar, samstarfs við aðrar stofnanir og kynningar á táknmáli og táknmálssamskiptum.*
*Sérstök áhersla er lögð á þjónustu við börn á máltökualdri og nemendur á öllum skólastigum. Samskiptamiðstöð hefur forystu í sérhæfðri þjónustu sem stuðlar að þátttöku táknmálstalandi fólks og safnar, þróar, miðlar og skapar nýja þekkingu á starfssviði sínu.*



**Fanney Ingólfsdóttir, deildarstjóri túlkaþjóunstu/ aðstoðar forstöðumaður**

Þá er enn komið haust og þó nokkuð liggur fyrir af pöntunum fyrir veturinn. Hjá túlkaþjónustu SHH starfa nú 13 háskólamenntaðir táknmálstúlkar. Tveir af þeim eru í fæðingarorlofi. Við munum vera með starfandi túlka á öllum skólastigum auk allra almennra verkefna s.s. túlkun í heilbrigðiskerfinu og við athafnir daglegs lífs.

Í vetur munum við bjóða upp á símatúlkun eins og áður og mun það verða með svipuðu sniðu og fyrr. Ef sá tími sem boðið er upp á símatúlkun á hentar ekki er hægt að panta túlk í símatúlkun á öðrum tíma.

Einnig er áætlað að bjóða upp á myndsímatúlkun. Myndsímatúlkunin hefur farið hægt af stað en þó virðist ganga betur með myndsímann en 3G símana.

Það er nauðsynlegt að panta túlk með góðum fyrirvara, þá eru meiri líkur á að túlkur fáist.

Með von um áframhaldandi gott samstarf.

Túlkaþjónusta Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskerta



**Margrét Gígja Þórðardóttir, kennslustjóri**

**Hvert er hlutverk þitt hjá SHH ?**

Ég er kennslustjóri og í mínu starfi felst að hafa umsjón með táknmálskennslu og bera ábyrgð á táknmálskennurum og verkefnum þeirra. Ég kenni einnig táknmál og er ráðgjafi í málefnum heyrnarskertra barna, bæði fyrir foreldra og ýmsar stofnanir, s.s. skóla og leikskóla þar sem heyrnarskert börn eru. Ég ræði mikið um hvað þarf að hafa í huga varðandi samskipti og aðstöðu. Einnig tala ég mikið um mikilvægi táknmáls fyrir heyrnarskerta og hve nauðsynlegt er að fá tækifæri til að kynnast því sem heyrnarskertur námsmaður.

**Ertu með sérstök verkefni í vinnslu?**

Um þessar mundir er ég að:

- fylgja kennurum úr hlaði sem eru að byrja kennsluönnina
- kenna í framhaldsskóla og einkatíma í grunnskóla fyrir heyrnarskerta nemendur
- vinna með Elsu að þýðingu á barnabókum yfir á táknmál
- skoða táknmálsefnin okkar og fylgjast með straumum og stefnum

**Hvað myndir þú vilja sjá í framtíðinni hjá SHH ?**

Ég myndi vilja sjá fleiri táknmálskennara og táknmálstúlka í SHH. Það er alltaf skortur á kennurum og túlkum. Við gerum þær kröfur til táknmálskennara að þeir séu döff, séu með stúdentspróf og færir í málfræði táknmáls og menningu og sögu döff. Einnig langar mig að sjá táknmálið kennt meira í fjarnámi. Við erum aðeins byrjuð að þróa það en ég vil gera betur og gefa fjölskyldum döff og heyrnarskerta barna tækifæri til þess að geta lært táknmál í fjarnámi.



**Ásta Baldursdóttir, verkefnisstjóri**

**Ertu með sérstök verkefni í vinnslu ?**

Ég vinn meðal annars við heimasíðu Samskiptamiðstöðvar og aðstoða við námsefnisgerð fyrir táknmálsnámskeið Samskiptamiðstöðvar. Undanfarna mánuði hef ég unnið með Nedelinu Stoyanovu Ivanovu að orðabókaráætlun fyrir táknmálsorðabók sem á að byggjast á forsendum táknmálsins (handformi, myndunarstað … ).

**Hvað myndir þú vilja sjá í framtíðinni hjá SHH ?**

Ég vil sjá SHH eflast enn frekar sem þjónustumiðstöð fyrir táknmálstúlkanotendur og fræða-, kennslu- og rannsóknarmiðstöð fyrir íslenska táknmálið.



**Júlía G. Hreinsdóttir, rit- og fagstjóri**

Samskiptamiðstöð heyrnarlausa og heyrnarskertra var stofnuð árið 1990 og ég hóf störf nokkrum mánuðum eftir stofnun stöðvarinnar. Þá var lítið til, t.d. vantaði öll gögn til kennslu táknmálsins eins og bókmenntir á táknmáli, námsefni til að kenna táknmál og fleira. Ekki var neins staðar boðið upp á menntun fyrir táknmálstúlka eða námskeið fyrir fjölskyldur eða kennara heyrnarlausra.

En í dag hefur mikið breyst. Nú er til námsefni og unnið er að rannsóknum á táknmáli. Samskiptamiðstöðin vann að því ásamt Háskóla Íslands að koma á formlegu háskólanámi í táknmáli og túlkun og nú eru allir 14 túlkar stöðvarinnar háskólamenntaðir. Mikil gróska er á SHH, s.s. táknmálskennsla bæði staðbundin kennsla og fjarnám í Kennaraháskólanum, almenn táknmálsnámskeið, táknmálskennsla við fjölbrauta- og menntaskóla t.d. Kvennaskólann, Menntaskólann við Hamrahlíð og fleiri framhaldsskóla. Við vinnum nú að rannsókn á málþroskaprófum á táknmáli í samvinnu við Valdísi Jónsdóttur og táknmálsfræðina við HÍ með styrk frá Rannis.

Nú er boðið upp á þjónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra á Akureyri en einn táknmálstúlkut Unnur Ósk Unnsteinsdóttir starfar þar að uppbyggingu á þjónustu fyrir döff og daufblinda á Akureyri.

Mitt starf á SHH er:

- Námsefnisgerð eins og að semja táknmálskennsluleiðbeiningar, nemendahefti og DVD með táknmálsdæmum og verkefnum.
- Að stýra vinnu með þýðingar t.d. barnabækur sem við döff vinnum í sameiningu.
- Táknmálsmat. Fólk sem kann táknmál biður um að fá stöðu sína í táknmáli metna. Oft til þess að halda áfram með táknmálsnám eða til þess að fá meðmæli vegna vinnu.
- Kenni starfsfólki, fjölskyldum og daufblindum einstaklingum snertitákn.
- Málþroskapróf. Greina táknmál barna samstarfi við HÍ, KHÍ og SHH.
- Táknmálskennsla.
- Sjá um uppbygginguу á táknmálskennslu í Namibíu í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Markmið og stærsta verkefnið ÞSSÍ Namibíu er að byggja upp menntun fyrir döff og stuðla að átttöku þeirra í samfélaginu. Unnið er að því að byggja upp og þróa leik-, grunn- og framhaldskólamenntun fyrir döff, táknmálskennslu og mennta táknmálstúlka. Einnig að stefnt að því stofna Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra í Namibiu. Í sl. maí var namibísk kona, Lizette Beukes, ráðin sem forstöðukona Samskiptamiðstöðvar. Hún heimsótti Ísland í sl. ágúst til þess að kynna sér starfsemi ýmissa stofnana hér á landi. Hún skoðaði táknmál og táknmálstúlka í Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Sólborg, Félag heyrnarlausa, Táknmálsvið Hlíðaskóla og fleiri stofnanir.

Núna eru öll verkefni í SHH á réttri braut. Í framtíðinni sé ég fyrir mér að SHH taki að sér meiri þjónustu fyrir fatlaða döff (döff plús). Það er spennandi verkefni en þýðir að meiri samvinna við svæðisskrifstofur er nauðsynleg. Engin rannsókn er til um döff plús hér á Íslandi og við vitum ekki hve stór hópur það er nákvæmlega. Við vitum þó að þau þarfnast þjónustu SHH. Döff plús búa á sambýlumum allt land og verkefni SHH gæti til dæmis verið að kenna starfsfólki þeirra um döff menningu og mál. Slík kennsla myndi stuðla að betri samskiptum vist –og starfsmanna.



**Svava Jóhannesdóttir, táknmálskennsla og þýðingar**

**Hvert er hlutverk þitt hjá SHH ?**

Ég vinn mest við rannsókn á málþroska barna en er líka táknmálskennari að hluta.

**Ertu með sérstök verkefni í vinnslu?**

Ég tek þátt í vinnu við rannsókn á málþroska bara sem tala táknmál. Markmiðið er að meta málþroska barna sem tala táknmál og fá meiri þekkingu á máltöku og málþróun þeirra. Við erum að reyna að búa til mælitæki til að rannsaka málþroska barna með táknmálstvítyngi og verkefnið er styrkt af Rannís. Mitt verkefni er að skrá upptökur af börnum og umrita táknmálið á blað. Síðan tek ég þátt í að greina málfræðina og ásamt fleiri starfsmönnum móta tillögur um hvernig má meta málþroska táknmálstalandi barna.

Ég kenni einnig táknmál að hluta til nokkrar kennslustundir á viku og hleyp líka inn í forföll þegar táknmálskennari er veikur eða kemst ekki. Ég kenni t.d. í nokkrum framhaldsskólum.

**Hvað myndir þú vilja sjá í framtíðinni hjá SHH ?**

Mér finnst rannsókn á málþroska barna mjög áhugavert og spennandi verkefni. Ég hef orðið meira meðvituð um það að það er mikil málfræði í táknmáli sem þarf að rannsaka betur. Þetta hefur orðið til þess að mig langar að læra meira í málvísindum til að rannsaka málfræði táknmáls betur í framtíðinni. Það er fullt af málfræði í táknmáli sem við þurfum að safna og vita meira um, t.d. munnhreyfingar eins og btt, lalla, svipbrigði, próform og margt fleira. Einnig er mikilvægt að safna táknum í orðabók sem ég gæti líka hugsað mér að taka þátt í. Það er bæði sögulega og málfræðilega mikilvægt. Þar sem enn er mjög lítið skráð eða vitað um þetta en er afar nauðsynlegt fyrir döff samfélag að eiga í safninu okkar.

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

www.akureyri.is Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI
Alþýðusamband Íslands
Ali
Bakarameistarinn
BÓNUS
FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
Fjallabyggð
Domino's Pizza
Góa-Linda
GUNNARS 1960
HEYRN HEYRNARÞJÓNUSTA
Heyrnartækni
Húsanes HN
vita FERÐIR
ÍSHAMAR
ÍSLENSK ERFÐAGREINING

# Íslendingur í aðalhlutverki í óperu í Finnlandi

*Hjördís Anna Haraldsdóttir*

Um miðjan maí var stefnan tekin til Álandseyja til að sjá óperusýningu sem sungin er á táknmáli. Slík sýning er athyglisverð en enn frekar vegan þess að Íslendingur var í einu af aðalhlutverkunum. Þetta var eitthvað sem maður einfaldlega varð að sjá með berum augum. Góð stemmning var fyrir sýninguna en maður vissi þó ekkert við hverju mætti búast. Þegar sýningin hófst var maður strax agndofa. Atriðin voru margvísleg, sumir leikarar voru í mörgum hlutverkum og skiptu oft um búninga. Allir leikarararnir höfðu fjölbreyttan frásagnarstíl á táknmálinu. Sýningin var svo mögnuð að það var ekki hægt annað en drekka allt í sig, hverja einustu hreyfingu. Táknmálið var flutt með svo miklum tilfinningahita að áhorfandinn hreifst með og varð hluti af sýningunni. Í lokin vakti mikla athygli að það var Íslendingur sem fór með aðalhlutverkið. Margir Finnar höfðu ekki áttað sig á því að þarna var um útlending að ræða því finnsku munnhreyfingarnar voru nánast óaðfinnanlegar. Það var ekki hægt annað en að vera stolt af samlanda sínum eftir þessa frábæru sýningu.

Kolbrún Völkudóttir er 24 ára ung og efnileg leikkona á uppleið. Hún gerði sér lítið fyrir og krækti í aðalhlutverkið í óperunni *Kung Karls jakt* sem var sett upp af finnska leikhúsinu Teatteri Totti. Hvernig í ósköpunum skyldi standa á því að nemandi á leiklistarbraut í lýðháskóla í Svíðjóð, hafi krækt í svo bitastætt hlutverk í fyrstu táknmálsóperunni? Hvernig gat hún landað aðalhlutverkinu?

„Já þetta byrjaði þannig að finnskur kennari/leikstjóri í Folkhojskolen í Leksand í Svíþjóð, sagði okkur nemendunum að það væri áheyrnarpróf í gangi í Finnlandi fyrir fyrstu heyrnarlausu óperuna í heiminum. Ég ákvað því bara að slá til og prófa. Það væri aldrei nema til að sjá hvað ég gæti mikið, ég bjóst aldrei við að ná



*Kolbrún í hlutverki Leonoru.*

inn“, segir Kolbrún galvösk. „Við tóku fimm mjög ólík og afar erfið próf sem við áttum að fara í. Ég fékk textann á finnsku og sænsku og sem betur fer kunni ég sænsku svo ég gat lesið textann. Eftir tvö próf fékk ég að heyra að ég hafði komist inn og fengið aðalhlutverkið. Ég kláraði samt öll fimm prófin svo þau gætu skoðað mig betur til að vera 100% viss.“

Kolbrún hafði svo þrjá mánuði til að læra finnskt táknmál. Það er það erfiðasta sem hún hefur lært því finnska táknmálið er svo mikið frábrugðið. Auk þess er finnska talin vera annað erfiðasta tungumál í heiminum. Á endanum tókst henni þetta þó.

Sem áhorfandi mun ég aldrei getað gleymt persónunni á sviðinu. Persónunni sem flutti táknmálið með svo miklum tilfinningahita og krafti að hún átti nánast alla áhorfendur í salnum. Það eru nokkrir mánuðir síðan ég sá sýninguna en samt er hún eins fersk í minni og að ég hafi séð hana í gær. Vonandi koma mörg fleiri óperuverk á táknmáli í framtíðinni.

Leikhúsið Teatteri Totti stendur að uppsetningunni á *Kung Karls jakt*. Teatteri Totti er eina táknmálsleikhúsið í Finnlandi sem starfar reglubundið. Frumsýningin á óperunni var hluti af dagskrá á Menningardegi heyrnarlausra í Mariehamn, á Álandseyjum. Það sem óperan sjálf gerist í ferð til Álands 1671, þá var kjörið að frumsýna óperuna þar.

Óperan *Kung Karls jakt*, sem var frumsýnd árið 1852, er fyrsta ópera Finnlands og fjallar um ferðalag til Álands 1671. Hana skrifaði Zacharias Topelius og tónlistin er eftir Fredrik Pacius. Óperan byrjar á því að hinn 16 ára Karl XI konungur heldur til Álands með hirð sína til veiða. Nokkrir hirðmenn hans fara á bakvið konung og eru þar Gullstjarna og Rosenkrans fremstir. Einnig er hið unga ástfangna par, fiskimannsdóttirin Leonora og unnusti hennar, Jonathan. Af misskilningi skýtur Jonathan einn af elgdýrum konungs, í hluta sem fjallar um dauðann. Leonora verður að velja, að bjarga ríkinu eða unnustanum.

Óperan var þýdd yfir á táknmál af Salla Lähteenmäki. Hún lofaði því að þetta muyndi opna alveg nýjan heim fyrir almenning.

Upprunalega var óperan í þremur hlutum en núna er búið að stytta hana í einn hluta, en þó er öll sagan með, segir í skýringu frá Teatteri Totti leikhúsinu. Það er Marianna Aro sem er leikstjóri sýningarinnar. Suvi Oksala og Tuomas Salonieme frá Sibelius-Akademiunni sjá um tónlistina og í helstu hlutverkum eru Kolbrún Völkudóttir sem Leonora, Dawn Jani Birley sem bæði Gullstjarna og Rosenkrans, Kalervo Salminen er Karl konungur, Aliisa Lehtonen er drottingamóðirin og Juho Saarinen er Jonathan. Sýningin er textuð bæði á sænsku og finnsku.

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Félagsþjónusta Kópavogs

Logaland Lækningatæki

MANNVIT VERKFRÆÐISTOFA

MÁLNINGARMIÐSTÖÐIN
Hólabraut 18 , 600 Akureyri, sími 4611197/69401147

Strúctor byggingaþjónusta

Símaverið Við svörum fyrir þig
